

Ed.

45. Frumvarp til laga

[34. mál]

um manntal.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Semja skal skrá um alla þá, sem heimili eiga eða dveljast á Íslandi.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi og bæjarstjórn í hverjum kaupstað skal láta taka manntal á tímabilinu frá 20. til 30. október ár hvert, í fyrsta skipti 1950, sbr. þó 19. gr.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta gera eyðublöð undir manntalsskýrslur, þar sem greint sé: Nafn, fæðingardagur, fæðingarár, fæðingarstaður, kynferði, heimilisfang, dvalarstaður, ef það á við, hjúskapur, ríkisfang, trúarbrögð, staða, atvinna, flutningur innan sveitarfélags og flutningur milli sveitarfélaga á manntalsárinu, eða til landsins, hvar síðast á manntali o. s. frv.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal fyrir 1. október ár hvert senda eyðublöð þau, er í 3. gr. getur, til allra oddvita og bæjarstjóra (borgarstjóra) á landinu, og skulu þeir senda hverjum húseiganda eða umboðsmanni hans nægilega mörg eyðublöð, er hann skal dreifa til heimilisfeðra í húsum sínum. Senda má og heimilisfeðrum eyðublöð beint, ef það þykir hentara. Þá skal og senda utauríkisráðuneytinu og forstöðumönnum heimavistarskóla, sjúkrahúsa, hæla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana eyðublöð.

5. gr.

Skrá skal hvern mann í heimilissveit hans og þar sem hann dvelst.

Nú er maður staddur utan heimilissveitar sinnar, þegar manntal er tekið, og skal þá skrá nafn hans á manntalsskýrslu, þar sem hann er staddur, og greinargerð hans um, að heimilisfang hans sé í öðru tilteknu sveitarfélagi, en jafnframt skal hann tekinn á skrá í heimilissveit sinni.

Námsmenn, sjúklinga og refsifanga skal skrá í sveitarfélagi, þar sem þeir dveljast, þegar manntal er tekið, en jafnframt skulu þeir teknir á manntal í heimasveit sinni, enda megi telja, að þeir hafi þar enn þá heimili, t. d. hjá maka, foreldri, kjörforeldri, fósturforeldri, lögráðamanni eða húsbónda.

Nú vill maður telja raunverulegt heimili sitt í öðru sveitarfélagi en því, þar sem hann dvelst, þegar manntal er tekið, og skal hann þá greina tengsl sín við þá sveit, t. d. bústað þar, konu og börn, dvöl, atvinnu o. s. frv.

Nú dvelst maður á manntalsárinu í sveitarfélögum fleirum en einu, og skal hann þá gera grein fyrir því, á hvaða stöðum hann hefur raunverulega dvalizt á manntalsárinu og hversu lengi á hverjum, hvað og hvar hann hefur unnið, hvar hann eigi foreldra, konu eða börn, ef því er að skipta, hvar hann eigi eignir og hverjar og hvernig hann geri sér þær arðbærar, hvort og hvar hann hafi leigt sér hífýli, hvort hann hafi verið lögskráður á skip, og ef svo er, þá hvar, svo og því öðru, er máli skiptir, er meta skal raunverulegt heimilisfang hans.

Nú má telja nánust tengsl slíks manns, er getur í 4. og 5. málgr., vera við annað tiltekið sveitarfélag en þar, sem hann dvelst, og skal þá einnig skrá hann þar í manntal.

Nú má víst eða líklegt telja, eftir skýrslum, að maður eigi heimili í fleiru en einu sveitarfélagi, og skal þá taka hann á manntal í sveitarfélögum þeim, sem um er að tefla.

6. gr.

Skrá skal íslenszka ríkisborgara, sem eru í þjónustu ríkisins erlendis, og skyldulið þeirra þar í manntal í Reykjavík.

Íslenskir ríkisborgarar, sem dveljast erlendis og ætla má, að leiti aftur til landsins, svo sem námsmenn, sjúklingar, farmenn og refsifangar, skulu skráðir í manntal í Reykjavík. Ef þeir hafa verið skráðir síðast í manntal hér á landi hjá foreldrum, kjörforeldrum, fósturforeldrum, maka eða lögráðamanni, skal skrá þá þar áfram, meðan þessara vandamanna þeirra nýtur við.

7. gr.

Hverjum manni, 18 ára og eldri, er skylt að sjá til þess, að nafn hans og þeirra, sem með honum dveljast og á vegum hans eru, sé skráð á manntalsblöð samkvæmt 3.—5. gr. Heimilisfeður og húsráðendur skulu og sjá um skráningu einhleypra manna og annarra, er hjá þeim búa eða hafast þar við.

Með sama hætti skráir utanríkisráðuneytið þjónustumenn ríkisins erlendis og forstöðumenn heimavistarskóla, sjúkrahúsa, fangelsa, hæla, gistihúsa og annarra slíkra stofnana, þá sem þar dveljast eða hafast við. Utan kaupstaða er heimilt að láta skrá á manntalsblöð í tvíriti.

8. gr.

Jafnskjótt og þeir aðilar, er í 7. gr. segir, hafa skráð á eyðublöðin, skulu heimilisfeður utan kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri koma þeim til oddvita eigi síðar en 10. nóv. næstan á eftir.

Annars staðar safna sveitarstjórnir skýrslunum.

Nú þykir þeim, sem manntal tekur eða vinnur úr manntalsskýrslum, skorta greinargerð um tiltekinn mann, og er þeim þá rétt og skylt að krefja hann eða aðra skýrslna um þau atriði, sem máli skipta, og kalla hann eða þá fyrir sig, ef þurfa þykir.

9. gr.

Oddvitar skulu yfirfara manntalsblöðin, jafnóðum og þau berast, og gæta þess, að greinargerðir séu réttar og fullnægjandi samkvæmt lögum þessum, og afla frekari skýrslna eftir þörfum og föngum. Síðan senda þeir sýslumanni manntalsblöðin eða annað eintak þeirra, ef þau eru tvírituð.

Semja skal manntalsskrá um íbúa hreppsins eftir nánari fyrirmælum félagsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Sýslumenn og bæjarstjórar (borgarstjórar) skulu semja skrá um alla þá, er telja skal í manntali samkvæmt lögum þessum, og gæta þess, að í skrá þessari felist svo glögg og handhæg greinargerð um hvern einstakling, raunverulegt heimili hans og dvalarstaði og annað það um hagi hans, sem í lögum þessum er mælt.

Félagsmálaráðuneytið kveður á um tilhögun skrárinnar.

11. gr.

Nú skal samkvæmt ákvæðum 5. gr. taka mann á skrá í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann er staddur eða dvelst, og skal þá sýslumaður eða bæjarstjóri (borgarstjóri) í því umdæmi tilkynna það manntalsstofu eða manntalsstofum þeim, er í hlut eiga. Samsvarandi gildir um þá, sem eiga tvö eða fleiri heimili.

12. gr.

Þá er skrár þær, er í 9. og 10. gr. segir, hafa verið gerðar, skal svo haga um tilkynningar sem hér segir:

1. Ljósmaður skulu tilkynna í kaupstöðum manntalsstofu, en í hreppum oddvita, fæðingu allra barna, sem þær taka við í umdæmi sínu, innan tveggja vikna.

Skal greina í tilkynningu kynferði barns, nafn, heimili og stöðu föður og móður, ef barnið er skilgetið, en nafn móður, ef það er óskilgetið, og þann, er móðir lýsir föður eða gengizt hefur við faðerni að vitund ljósmóður, og stöðu þeirra og heimili, svo sem sagt var. Þá skal og greina fæðingarstað (húsnúmer), fæðingardag og ár og nafn barnsins, ef því hefur verið gefið nafn.

Nú elur kona barn, án þess að ljósmóðir sé viðstödd, og hvílir þá tilkynningarskyldan á foreldrum, ef barn er skilgetið, en barnsmóður eða heimilisföður, ef barn er óskilgetið.

Nú er barni gefið nafn að áðurnefndum fresti liðnum, og er þá foreldrum skilgetins barns og móður óskilgetins barns svo og þeim, sem koma í þeirra stað, ef því er að skipta, skylt að tilkynna áðurgreindum aðilum innan tveggja vikna frá nafngjöfinni nafn barnsins svo og nafn föður óskilgetins barns, ef áreiðanleg vitneskja er um það fengin.

2. Andlát skal sá lækni tilkynna, sem dánarvottorð gefur út, innan þess tíma og þeim aðilum, er í 1. tölul. segir. Nú er svo farið, að dánarvottorð verður eigi gefið út, svo sem ef skip hefur farizt, menn verða úti eða hverfa, og skal þá maki, foreldri, húsbóndi og útgerðarmaður tilkynna manntalsstofu eða oddvita atburðinn. Svo skulu og prestar eða forstöðumenn safnaða tilkynna áðurnefndum aðilum andlát allra, er andast í söfnuðum þeirra, hverfa eða farast á annan hátt.

Tilkynningar þessar skulu greina eftir þörfum nafn, heimili, stöðu, dánardag og ár, dánarstað og dánarorsök.

3. Nú skiptir maður um nafn eða er ættleiddur, og tilkynnir þá dómsmálaráðuneytið þeim aðilum, er í 1. tölulið segir, nafnskipti og ættleiðingu, þar á meðal nafn kjörforeldris og kjörbarns.
4. Hjúskap og lögskilnað hjóna skal stjórnvald það, er hjónavígslu framkvæmir eða leyfi gefur til skilnaðar, tilkynna með sama hætti og áður segir.
5. Nú er maður sviptur lögræði, og skal þá dómari tilkynna lögræðissviptingu, svo og hver sé lögráðamaður. Með sama hætti fer um afnám lögræðissviptingar.
6. Nú flyzt maður úr einu sveitarfélagi í annað, og skal hann þá þegar tilkynna brottför sína og þeirra, sem á vegum hans eru, ef því er að skipta, svo og hvert hann flyzt, manntalsstofu eða oddvita í því sveitarfélagi, sem hann flyzt úr. Með samsvarandi hætti skal hann tilkynna hið nýja heimilisfang innan þess sveitarfélags, sem hann flyzt í, eigi síðar en viku eftir að hann er þangað kominn. Gera skal hann grein fyrir sér og þeim, sem til heimilis hans teljast.

Með sama hætti skal tilkynna bústaðaskipti innan sveitarfélags eigi síðar en viku eftir að þau hafa átt sér stað. Nú flyzt maður af landi brott eða fer til útlanda til fastrar dvalar um tíma, svo sem til náms, lækninga eða í verzlunar-erindum, og skal hann þá tilkynna það. Heimilisfeður skulu og tilkynna, er maður, sem er á þeirra vegum eða í þeirra húsi, hefur farið af landi brott, með sama hætti sem áður segir.

Skráningarstjórar skulu tilkynna, ef þeir skrá íslenzka menn á erlend skip eða afskrá þá.

Með sama hætti skulu menn tilkynna endurkomu sína til landsins eða afskráningu af erlendu skipi hér á landi.

7. Sérhver húsráðandi og heimilisfaðir skal tilkynna, er hann tekur á heimili sitt eða í hús sín fólk til starfa eða náms eða selur manni á leigu herbergi í húsi sínu eða íbúð sinni.

Sérstaklega skal þess getið, ef um útlendan mann er að tefla, og þá hvers ríkis borgari hann sé og hvaðan hann sé kominn.

Félagsmálaráðuneytið setur nánari reglur um tilkynningar. Ákvæði síðustu málsgreinar 8. gr. eiga og hér við.

13. gr.

Oddviti skal skrá í manntal hreppsins breytingar samkv. 1.—7. tölul. 12. gr., jafnóðum og þær berast, og senda tilkynningar síðan til manntalsstofu sýslunnar, sem jafnharðan gerir samsvarandi breytingar í sýslumanntalinu.

Breytingar á manntalsskrám kaupstaða skal gera jafnóðum og tilkynningar berast.

14. gr.

Manntalsstofur eða oddvitar skulu láta aðila í té vottorð um flutningstilkynningar, sem hann fær manntalsstofu eða oddvita í því sveitarfélagi, sem hlut á að máli, um leið og hann tilkynnir bústaðaskipti.

Félagsmálaráðuneytið ákveður gerð þessara vottorða og efni.

15. gr.

Nú reynist manntal í hreppi, sýslu eða kaupstað ófullnægjandi eða það glatast, og skal félagsmálaráðuneytið þá gera ráðstafanir til, að úr verði bætt, svo vel og svo fljótt sem unnt er.

16. gr.

Manntalsstofum er skylt að veita hver annarri, dómurum, lögreglustjórum, skattstjórnarvöldum og öðrum yfirvöldum alla þá fræðslu, er aðilar þessir biðja um í embættisnafni og þær mega í té láta. Skylt er manntalsstofum gegn þóknun, er ráðuneytið ákveður, að láta einstaklingum í té vottorð úr skráum sínum eftir nánari fyrir-mælum félagsmálaráðuneytisins.

17. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að kveða svo á, að manntalsskrá í sýslum og kaupstöðum skuli gera í tvíriti og að annað eintakið skuli sent ráðuneytinu.

Hagstofu Íslands skulu heimil afnot af manntalsskrám samkvæmt ákvæðum félagsmálaráðuneytisins.

18. gr.

Eftir manntali og tilkynningum samkvæmt lögum þessum og öðrum þeim gögum, sem fyrir hendi eru, skulu manntalsstofur gera í tvíriti sérstaka skrá um alla þá menn, sem ekki hafa íslenskt ríkisfang.

Annað eintakið skulu þeir senda félagsmálaráðuneytinu, og skal lögreglustjórnin í Reykjavík hafa aðgang að því.

Nú fá manntalsstofur gögn í hendur, sem leiða til breytinga á útlendingaskránni, og skulu þær þá gera nauðsynlegar breytingar á skráum sínum og tilkynna þær breytingar jafnharðan félagsmálaráðuneytinu.

19. gr.

Í stað þess árlega manntals, sem getur í 2.—11. gr., skal ár þau, er ártalið endar á 0, taka almennt manntal um land allt 1. dag nóvembermánaðar eða annan dag, seu félagsmálaráðherra ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema óviðráðanlegar tálmanir hamli.

Reglur 3.—11. gr. gilda um manntal þetta með þeirri breytingu, að allir skulu taldir þar, sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins.

Ákvæði 2. málgr. 17. gr. eiga og hér við.

20. gr.

Áður en manntal samkv. 19. gr. á fram að fara, skal skipta hverjum kaupstað eða hreppi í svo mörg hverfi, að einn maður komist yfir að telja alla þá, sem í hverju hverfi skal í manntal taka.

21. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af eyðublöðum og sendingu þeirra. Kostnað af manntali í hreppum bera hreppssjóðir, en í kaupstöðum bæjarsjóðir. Mannskrár í sýslum skal gera á kostnað sýslusjóða, en í kaupstöðum á kostnað bæjarsjóða.

22. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög nr. 18 16. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.

Lög nr. 4 18. maí 1920, um manntal á Íslandi.

Lög nr. 44 19. júní 1933, um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

Lög nr. 96 23. júní 1936, um heimilisfang.

Lög nr. 3 12. jan. 1945, um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistor).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar lagt fyrir Alþingi 1948, en komst þá ekki lengra en til nefndar. Nefndin skilaði aldrei álitum um málið. Frumvarpinu fylgdu þá eftirfarandi athugasemdir, sem ekki þykir ástæða til að breyta í neinu né bæta við, þar sem frumvarpið er óbreytt frá því, sem það var þá flutt:

Í öndverðum októbermánuði 1948 fól félagsmálaráðherra þeim Jónasi Guðmundssyni, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, dr. Einari Arnórssyni hæstaréttardómara og Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara að athuga gildandi lög um manntal og heimilisfang, svo og frumvarp til laga um manntal og frumvarp til laga um lögheimili og annað heimilisfang, en frumvörp þessi hafði samið nefnd fjögurra manna, er félagsmálaráðherra hafði á sinum tíma falið það verk.

Virðist oss manntalsfrumvarpið eigi verða notað með þeim hætti, sem það var úr garði gert, og hefur því orðið að ráði að semja nýtt frumvarp um manntal.

Með frumvarpinu um lögheimili og annað heimilisfang hefur hugmyndin verið sú að setja ný lög í stað laga nr. 95 23. júní 1936, er nú gilda. Athugun á þessu efni hefur sannfært oss um, að bæði áðurnefnd lög og frumvarpið séu frekar til ógagns en gagns, enda verkefni það, sem lögín hafa sett sér, óleysanlegt. Liggja til þess m. a. þær ástæður, sem nú skulu greindar:

Bæði lögín og frumvarpið hafa sett sér það mark að skera úr því, hvar lögheimili manns sé í öllum þeim samböndum, sem það getur skipt máli. En málinu er ekki svo farið, með því að lögheimili manns má oft telja í einu sambandi á þessum stað, en í öðrum samböndum á hinum. Ef maður t. d. telur sig til heimilis á staðnum X, verður hann að sæta þar málssókn og dómi, en vel má vera, að rannsókn á heimilisfangi hans leiði til þess, að útsvar skuli leggja hann á staðnum Y. Verður það því rannsóknar- og matsatriði hverju sinni, við hvaða stað réttindi og skyldur skuli tengdar, svo sem um framfærslu, kosningarrétt til Alþingis, kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna, greiðslu útsvars og bótarétt samkv. lögum um almannatryggingar. Um öll eða flest þessi atriði gildir sú regla, að yfirlýsing manns um heimilisfang sitt út af fyrir sig sker ekki úr, en stjórnvald það, sem ákveður réttindi og skyldur, svo og dómstólar verða að meta það hverju sinni eftir öllum atvikum, við hvaða sveitarfélag maður sé svo nátengdur, að þar megi helst telja heimili hans. Er því nauðsynlegt, að þessir aðilar hafi í höndum sem nákvæmastar skýrslur um hagi hans, alla þá, er í því sambandi skipta máli. Og það er m. a. tilgangur þessa frumvarps til laga um manntal, sem hér er lagt fram, að svo rækilegar skýrslur um þessi efni sem kostur er á geti jafnan verið tiltækar stjórnvöldum og dómstólum, er skera skal úr hverju sinni, sbr. einkum 5. gr. frumvarpsins.

Fyrsta allsherjarmantal, sem fram fór á Íslandi, var tekið árið 1703, eins og kunnugt er. Því næst var prestum boðið að taka árlega manntal, hverjum í sínu prestakalli, á húsvitjunarferðum sínum, tilskipun 27. maí 1746, 21. gr., og erindisbréf biskupa 1. júlí s. á., 31. gr. D, og um bókhald presta að þessu leyti voru fyrir-mæli í konungsbréfi 11. des. 1812. Í Reykjavík var manntal þó falið lögreglustjóra með lögum nr. 18/1901 og síðan borgarstjóra. Að gildandi lögum nr. 3/1945 hafa prestar enn þetta starf á hendi utan Reykjavíkur. Þessi skipun er nú orðin alls kostar ófullnægjandi, enda flutningur fólks innanlands, til landsins og frá því svo tíðir og þýðingarmiklir, að brýna nauðsyn ber til þess að hafa glöggar skýrslur og tiltækar um þá og almennt um hagi manna. Má og á það benda, að Ísland er ekki lengur einangrað land, eins og það hefur verið öldum saman. Og má því m. a. vænta þess, að ákvæði þessa frumvarps megi verða útlendingaeftirlitinu til stuðnings.

Hinu gamla góða lagaheiti, manntali, hefur að vísu verið haldið, þó að tilgangur og ákvæði frumvarpsins gangi miklu lengra, með því að tilætlunin er að semja allsherjarmannskrár og halda þeim við. Má það öllum ljóst vera, hversu mikill hægðar-auki öllum stjórnvöldum landsins muni verða að slíkum skráum og hversu miklu máli þær muni skipta um hagsögu, ættfræði og mannfræði landsmanna.

Sú skipun, sem ætlazt er til, að verði á þessum málum, er í aðalatriðum sú, sem nú skal greina:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð, sbr. 4. gr., undir manntalsskýrslur og sendir þeim stjórnvöldum, er þar greinir. Síðan eiga hreppsnefndaroddvitar í sveitum og bæjarstjórar í kaupstöðum, í Reykjavík borgarstjóri, að taka manntal samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Gera bæjarstjórnir manntalsskrá í kaupstöðum, en oddvitar skrár, hver handa sínum hreppi, og senda manntalsblöðin síðan til sýslu-manns þess, er í hlut á, og lætur hann þá gera mannskrá, er tekur yfir sýslu hans, sbr. 3., 9. og 10. gr. Sennilega mundi það verða til mikils hagræðis, ef allsherjarmannskrá væri geymd á einum, tryggum stað á landinu, t. d. í vörzlu félagsmálaráðu-neytisins. Er því ráðuneytinu veitt heimild til þess í 18. gr. frumvarpsins að kveða svo á, að mannskrár í sýslum og kaupstöðum megi gera í tvíriti, og að annað eintakið skuli sent ráðuneytinu. Mundi þá vera hægt að fá skýrslu um hvern mann á landinu á einum og sama stað og rannsaka feril hans með samanburði á skráum úr fleir-um en einu umdæmi. Þá væri og minni hætt á því, að skrár glötuðust með öllu, með því að sitt eintakið yrði á hvorum stað. Kostnaður af þessu ætti ekki að verða mjög mikill, með því að unnt er að gera tviritin kostnaðarlítill með þeim tækjum, sem nú má nota.

Miklu máli skiptir, að vandað verði mjög til fyrstu mannskrár, sem gerð yrði samkvæmt lögnum. Þurfa eyðublöð undir manntalið að vera mjög rækileg og geyma ýmiss konar spurningar um hagi manna, sbr. 3. og 5. gr., og að þeir, sem manntal taka, verða að vinna verkið með alúð og skynsemi. Svo ber einstaklingum og að létta þeim verkið með greinargóðum svörum. Hér er rétt að benda á ákvæði í síðustu málsgrein 8. gr., þar sem þeim, sem manntal tekur eða vinnur úr manntalsskýrslum, er bæði gert rétt og skylt að krefja menn skýrslna um þau atriði, sem máli skipta og þeir telja vanskýrð.

Um 1. og 2. gr.

Þarfnast eigi skýringa, fremur en áður segir.

Um 3. til 6. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því að afla svo rækilegra skýrslna sem unnt er um hvern mann varðandi þau atriði, sem í 3. gr. segir. Um flesta menn er því svo farið, að glögg og ótvíræð svör má veita um þessi atriði, en þó telja sumir sig eiga heimili á öðrum stað en þeir dveljast, og aðrir hafast við á ýmsum stöðum eða eru staddir á manntalsdegi utan heimilissveitar sinnar, og skiptir þá miklu máli, að aflað sé

glöggra skýrslna um þessa menn, og eru ákvæði 5. gr. í því skyni sett. Verða þær skýrslur undirstaða dóms um réttindi og skyldur, sem tengdar eru við heimili eða dvalarstað, svo sem áður er sagt í greinargerð þessari. Rétt þykir, að íslenskir ríkisborgarar, sem hafast við erlendis og eru í þjónustu ríkisins eða ætla má, að leiti aftur til landsins, séu hér skráðir, til þess að ferill þeirra verði rakinn frá ári til árs.

Um 7. og 8. gr.

Hér segir um skyldu manna til þess að sjá til þess, að nöfn þeirra og aðrar skýrslur um þá sjálfa og þá, sem á vegum þeirra eru, verði skráð á manntalsblöð og um skyldu þeirra til að koma blöðunum til stjórnvalda.

Um 9. og 10. gr.

Má vísa til formálsorða.

Um 11. gr.

Ákvæði hennar þykja nauðsynleg til þess, að skýrslur samkvæmt 5. gr. verði samræmdar og fullnægjandi.

Um 12. og 13. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því, að jafnan séu ritaðar á mannskrá þær breytingar, sem verða á högum manna og hér skipta máli: Fæðingar, andlát, nafnbreytingar, hjúskapur og hjónaskilnaðir, breytingar á lögræði, bústaðaskipti, fôr manna af landi til fastrar dvalar erlendis og endurkoma manna til landsins, koma erlendra manna til landsins og brottför þeirra.

Um 14. til 16. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 17. gr.

Visast til formálsorða.

Um 18. gr.

Ákvæði hennar eiga að stuðla að því, að glöggar skýrslur séu um þá menn, sem hér dveljast og hafa erlent ríkisfang.

Um 19. til 20. gr.

Rétt þótti að halda þeirri skipan, sem greinir í lögum nr. 4/1920, um manntal, þau ár, er ártal endar á 0. Slíkt manntal hefur þann kost, að það er tekið á einum og sama degi, og er þá síður hætta á því, að menn fari á milli gangna.

Um 21. gr.

Sanngjarn þykir að skipta kostnaði af framkvæmd laganna svo sem í greininni segir.

Um 22. gr.

Vitað mál er, að brot opinberra starfsmanna á ákvæðum laga þessara varða við 14. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940, og eiga því ákvæði þessarar greinar við aðra menn, sem vanrækja skyldur þær, sem þeim eru á herðar lagðar með lögnum.

Um 23. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.